



**ORKUSTOFNUN**

**Varðar heitavatnsborun í Munaðarnesi**

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-93-01**

## VARÐAR HEITAVATNSBORUN Í MUNAÐARNESI

S.l. sumar var borað eftir heitu vatni í Munaðarnesi. Jarðhiti er þar ekki á yfirborði, en borholan var ákveðin með hliðsjón af háum hitastigli í grunnri rannsóknarholu og brotum í berggrunni.

Borholan í Munaðarnesi (Hóla 2) er 969 m djúp. Vatnsæðar eru á tveimur stöðum kringum 400 m (um 80° heitar) og nærri botni í ~ 920 m (um 90°). Í lok borunar gaf holan 7-8 l/s í loftblæstri með miklum niðurdrætti vatnsborðs, en sjálfrennsli úr henni var þá um 2 l/s. Síðan hefur rennslið haldist svipað, en hitinn hækkað úr 73° upp í 84°. Holan hefur ekki verið afkastamæld nákvæmlega, en ljóst er að auðveldlega má dæla úr henni 3-4 l/s.

Fyrirstaða eða skápur er í holunni á um 250 m dýpi. Mælir kemst ekki niður fyrir hana. Loftdælingin í lok borunar og rennslið eftir borun bendir ekki til að þessi fyrirstaða takmarki rennsli úr holunni.

Árangur borunarinnar í Munaðarnesi hlýtur að teljast mjög viðunandi og hvetjandi í rannsóknum þar sem aðstæður eru svipaðar og þar.

Kristján Sæmundsson